

Reglugjörð

um

afnot geðveikrahælisins á Kleppi.

Samkvæmt 4. gr. laga 20. oktbr. 1905 um stofnun geðveikrahælis og eftir tillögum yfirstjórnar hælisins hafa verið samdar og settar eftirgreindar reglur um afnot þess:

1. gr.

Yfirstjórn hælisins hafa á hendi, undir eftirliti stjórnarráðsins, tveir menn, landlæknir og annar maður, er stjórnarráðið skipar til þess. Læknir hælisins er forstöðumaður þess; hann nefnist geðveikralæknir, og hefir á hendi, auk læknisþjónustunnar, framkvæmdarstjórn hælisins, alt eftir því sem nánara er ákveðið í erindisbrjefi hans.

2. gr.

Að undanteknum a) fábjanum, þ. e. mönnum, sem vitskertir hafa verið frá fæðingu og b) mönnum, sem eru svo aðfram komnir af öðrum sjúkdómum, að auðsætt er að þeir eigi ekki langt eftir ólifað, tekur geðveikrahælið til lækningar og hjúkrunar geðveika menn hjerlenda, eftir því sem rúm leyfir, gegn 50 aura meðgjöf á dag með hverjum manni, ef hann er þurfamaður, ella 1 kr. á dag.

Verði aðsókn svo mikil að hælínu, að eigi sje unt að veita viðtöku öllum, sem þörf er á að taka, skal haga svo til, að öllum hjeruðum landsins sje eftir því sem atvik leyfa gjört jafnt undir höfði. Að öðru jöfnu skulu geðveikir þurfamenn ganga fyrir.

3. gr.

Umsóknir um inntöku á hælið skulu vera skriflegar og undirskrifaðar af viðkomandi sveitarstjórn, ef um þurfamenn er að ræða, annars af nánasta vanda-manni eða fjárhaldsmanni geðveiklingsins. Með umsókn hverri skulu fylgja þessi skilríki: a) Vottorð og skýrsla læknis, annars en geðveikralæknisins, um sjúkdóminn; b) trygging, sem yfirstjórn hælisins tekur gilda, fyrir greiðslu á meðgjöfnni með geðveiklingnum, og kostnaði við útför hans, ef til kemur.

4. gr.

Meðgjöfin greiðist fyrirfram fyrir hvert misseri. Ef geðveiklingurinn fer burt úr hælínu áður en misserið er liðið, endurgreiðist meðgjöfin frá burtfarardegí, sem þó eigi telst með.

Geðveiklingar skulu hafa hreinan og nýjan alfatnað, er þeir koma til hælisins, og auk þess tvenn ný nærföt, ferna sokka. Ef eitthvað vantar í fatnað

geðveiklings eða áliti geðveikralæknirinn eitthvað af fatnaðinum miður nýtilegt, þá ber að útvega það sem á vantar á kostnað geðveiklingsins eða aðstandanda hans. 7
14. febr.

Deyi geðveiklingur á hælina, skal hælið greiða fyrirfram kostnaðinn við útförina, ef aðstandendur hans eru ekki nógu nærri til þess að sjá um hana, en á heiming á endurgreiðslu þess fjár hjá ábyrgðarmönnum geðveiklingsins.

5. gr.

Engan má taka í hælið (sbr. þó 7. gr.), nema hann hafi rannsakaður verið og skýrsla hafi verið um hann gefin af lækni, öðrum en geðveikralækninum, eftir fyrirmyndum, sem yfirstjórn hælisisn hefir samið. Læknisrannsókn sú, sem er skilyrði fyrir upptöku sjúklings í hælið, má ekki vera eldri en nemi 8 vikum á undan upptökunni. Í skýrslu læknis skal það tekið beint fram, hver sjúkdóms-einkenni hann sjálfur hefir fundið. Eyðublöð undir skýrslur þessar fást hjá geðveikralækninum og allar aðrar nauðsynlegar leiðbeiningar um það, hvernig að skuli fara, er menn vilja koma sjúklingi í hælið.

6. gr.

Geðveikralæknirinn einn saman sker úr því, hvort geðveikir menn, sem beðið er um að teknir sjeu í hælið, sjeu tækir eftir framkomnum skýrslum. Þegar sjerstaklega stendur á og bráðan ber að, má geðveikralæknirinn taka við sjúklingi, þótt eigi sje fullnægt öllum skilyrðunum fyrir upptökunni; en þá má það þó ekki dragast lengur en þrjá sólarhringa, að fengið sje vottorð læknis, utan hælisisn, um heilsufar sjúklingsins.

Nú er sjúklingi neitað um inntöku í hælið, og aðstandandi hans vill ekki una við úrskurð geðveikralæknisins, og má hann þá skjóta úrskurðinum til yfirstjórnar hælisisn.

7. gr.

Ef grunur leikur á um að maður sje geðveikur, en það er ekki fullljóst, hvort svo er eða eigi, þá skal hælið veita honum móttöku til rannsóknar, eftir úrskurði stjórnarráðsins samkvæmt tillögum landlæknis, og skal maðurinn þá dvelja þar svo lengi sem geðveikralæknirinn telur nauðsynlegt vera.

8. gr.

Geðveikralæknirinn kveður einn á um það, hvort heilsufar sjúklingsins leyfi, að hann fari burt af hælina, og er það á hans ábyrgð, að engum sje haldið þar lengur en nauðsyn krefur. Leyfa má geðveikralæknirinn sjúklingi að dvelja utan hælisisn um stundarsakir til reynslu, en skal þá fá skýrslu um heilsufar hans á ákveðnum tímum.

7

14. febr.

9. gr.

Enn geta sjúklingar farið af hælínu, þótt þeim sje ekki batnað: 1) þegar rjettur aðili krefst þess; 2) þegar yfirstjórn hælísins krefst þess sakir vanskila á meðgjöfnni; 3) þegar geðveikralæknirinn telur það haganlegt fyrir sjúklinginn að hann dvelji utan hælísins, enda þurfi ekki að óttast, að af því stafi hætta fyrir geðveiklinginn sjálfan eða aðra, og loks 4) ef það kemur í ljós, að svo hefir verið ástatt um sjúklinginn, sem segir í upphafi 2. gr.

10. gr.

Nú er ábyrgðarmönnum geðveiklings tilkynt, að hann sje albata eða eigi af öðrum ástæðum að fara úr hælínu, og sækja þeir hann ekki í tæka tíð, og skal þá koma honum til áttþaga hans, en ábyrgðarmenn tilskyldir að greiða allan flutningskostnað. Geðveikralæknirinn kveður jafnan á um, hvernig heimflutningi skuli háttað, svo að engum stafi mein af, hvorki geðveiklingnum nje öðrum mönnum.

11. gr.

Enginn af þjónustufólki hælísins má heimta eða þiggja gjafir af sjúklingunum og ekki án leyfis geðveikralæknisins hleypa aðkomumönnum inn í hús hælísins.

12. gr.

Geðveiklingarnir skulu vinna alla þá vinnu, sem geðveikralæknirinn telur þá færa um og hælínu má að gagni koma, hvort er utan húss eða innan. Nú gerir geðveiklingur hælínu sjerstaklega mikið gagn með vinnu sinni, og getur þá yfirstjórn spítalans látið greiða honum einhverja þóknun fyrir vinnu hans, eftir tilögu geðveikralæknisins.

Í stjórnarráði Íslands, 14. febrúar 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.